

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1-3

101 Reykjavík



Reykjavík 30.10.2018

Efni: Umsögn, Festu - miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030, 1. útgáfa

Festa – miðstöð um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, fagnar metnaðarfullri aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum. Hlutverk Festu er að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á þessu sviði.

Festa í samstarfi við Reykjavíkurborg stóð fyrir því árið 2015 að 104 íslensk fyrirtæki skrifuðu undir sameiginlega yfirlýsingum um aðgerðir í loftslagsmálum. Síðan þá hafa Festa og Reykjavíkurborg stutt fyrirtækin til að vinna markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs. Afurðir þessa starfs er þekkingarsamfélag, sameiginleg aðferðafræði og Loftslagsmælir Festu og Reykjavíkborgar (byggður á alþjóðlegum viðmiðum) sem fyrirtæki geta notað til að greina losun sína og setja sér markmið. Festa er einnig í samstarfi við Íslenska ferðaklasann, um að hvetja fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi til að sammælast um nokkrar skýrar og einfaldar aðgerðir um ábyrga ferðaþjónustu. Gerður hefur verið sambærilegur samstarfssamningur við Akureyrarbæ um sambærilegt verkefni fyrir fyrirtæki á Akureyri eins og í Reykjavík. Í burðarliðnum er samstarf við Samtök iðnaðarins um hvatningarverkefni í loftslagsmálum fyrir framleiðslufyrirtæki í landinu og Festa á í viðræðum við Umhverfisráðuneytið um að stofnanir ríkisins og ráðuneytin nýti sömu aðferðafræði til að minnka losun sína.

Eins og fyrr kemur fram fagnar Festa metnaðarfullri aðgerðaáætlun á sviði orkuskipta og átaki í kolefnisbindingu og bættri landnotkun. Félagið vill koma á framfæri ábendingum varðandi nokkrar þeirra aðgerða sem koma fram í áætluninni:

- Aðgerð 23: Loftslagssjóður: Stuðningur við nýsköpun og fræðslu.  
Festa telur að nýsköpun og fræðsla sé mikilvægur þáttur í að leysa loftslagsvanda heimsins. Því er mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir hafi aðgang að styrkjum til nýsköpunar og fræðslu. Nauðsynlegt er að hlutverk sjóðsins og framtíðarsýn verði skilgreint vel með markmið ríkisstjórnarinnar að leiðarljósi. Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar er nefnt að sjóðurinn skuli einkum styrkja verkefni á sviði nýsköpunar í tækni. Festa telur mikilvægt að tryggt verði að sjóðurinn styrki einnig verkefni er lúta að kynningu og fræðslu á áhrifum loftslagsbreytinga hjá stofnunum og fyrirtækjum. Það væri ein leið til að hvetja fyrirtæki og stofnanir áfram í þeirra vegferð í loftslagsmálum.

Festa hefur efasemdir um að nægjanlegt fjármagn hafi verið eyrnamerk sjóðnum til að hann nái að framfylgja hlutverki sínu og skila tilætluðum árangri.

- Aðgerð 26: Fræðsla um loftslagsmál í skólum og aðgerð 27: Fræðsla til almennings  
Festa fagnar því að sérstakar aðgerðir verði skilgreindar fyrir fræðslu um loftslagmál í skólum og fyrir almenningu. Hins vegar finnst Festu vanta að sérstakar aðgerðir verði skilgreindar fyrir fræðslu og

leiðbeiningar til atvinnulífisins. Það er mjög mikilvægt að atvinnulífið geri sér grein fyrir mikilvægu hlutverki sem það hefur í loftslagsmálum og fái leiðbeiningar um mögulegar leiðir til að minnka umhverfisáhrif starfsemi sinnar.

- Aðgerð 24: Loftslagsstefna Stjórnarráðsins

Festa fagnar því að unnið verði að loftslagsstefnu Stjórnarráðsins og innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri. Hins vegar mætti aðgerðaáætlunin hvetja öll fyrirtæki í landinu til að innleiða þessi grænu skref í sína starfsemi til að draga úr loftslagsáhrifum þeirra. Festa hefur aðgengilegt tól „Loftslagsmælir Festu“ á heimasiðu sinni sem öll fyrirtæki geta notað til að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda fyrir helstu þætti í starfsemi sinni. Vitneskja fyrirtækja um stöðu mála hverju sinni er forsenda þess að fyrirtæki geti dregið úr losun og minnki úrgang vegna starfsemi sinnar.

- Aðgerð 30. Minni matarsóun

Festa fagnar áherslu ríkisstjórnarinnar á minni matarsóun. Festa hefði vilja sjá í aðgerðaáætluninni áherslur á minni sóun almennt sem leiðir til minni úrgangs og áherslu á mikilvægi hringrásarhagkerfisins.

Kolefnisbókhald Íslands nær eingöngu yfir losun gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað á Íslandi en tekur ekki tillit til innflutnings sem einnig er uppsprettu gróðurhúsalofttegunda, mikilvægt er að fyrirtæki, stofnanir sem og einstaklingar séu hvattir til að draga úr neyslu eins og hægt er og draga þannig úr kolefnissporinu.

Ljóst er að öll fyrirtæki og stofnanir í landinu verða að finna til ábyrgðar og taka höndum saman um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka magn úrgangs til að markmið stjórnvalda í loftslagsmálum nái fram að ganga. Aðgerðaáætlunin verður því að tilgreina aðgerðir sem eiga við um allar atvinnugreinar og stofnanir í landinu. Nauðsynlegt er að vakta árangur aðgerða og stjórnvöld verða að taka í taumana ef ljóst er að viðunandi árangur er ekki að náast miðað við þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett.

Virðingarfyllst

---

Festa - miðstöð um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja